



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 592

Hjalti Árnason

(1903-1961)

og

Sigríður Friðriksdóttir

(1914-1995)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 592

Hjalti Árnason og Sigríður Friðriksdóttir

Formáli

Hjalti Árnason fæddist 21. ágúst 1903 á Höfðahólum á Skagatrönd og lést 28. júní 1961 í Reykjavík. Hjalti tók gagnfræðapróf frá Gagnfræðaskóla Akureyrar, fór síðan í Verslunarskólann í Reykjavík en varð að hætta námi sökum peningaleysis.

Hjalti var félagi í Kommúnistaflokki Íslands og síðar Sósíalistaflokknnum. Hann var starfsmaður Síldareinkasölunnar í Kaupmannahöfn þegar Einar Olgeirsson var framkvæmdastjóri hennar. Hjalti fór á flokksskóla í Sovétríkjunum, sennilega á milli 1930 og 1932. Eftir heimkomuna til Íslands var hann oft atvinnulaus vegna pólitískra skoðana en vann síðar fyrir sér sem verkamaður við höfnina í Reykjavík, hjá Landssímanum í línulögnum og síðast á launaskrifstofu Landssímans.

Sigríður Friðriksdóttir fæddist á Löndum, Vestmannaeyjum, 23. júní 1914 og lést 25. júní 1995 í Reykjavík. Hún lauk námi frá Gagnfræðaskóla Reykjavíkur og kynntist jafnaðarstefnunni á þeim tíma. Eftir gagnfræðapróf hóf hún störf við smjörlíkisgerð Ragnars í Smára, fyrst sem sendill og rukkari en síðar við skrifstofustörf. Hún kynntist Hjalta Árnasyni á þessum tíma og þau hófu búskap á Klapparstíg 9 í Reykjavík.

Sigríður var félagi í Kommúnistaflokki Íslands og síðar í Sósíalistaflokknnum. Hún var baráttu- og kvenréttindakona og starfaði af áhuga í stéttarfélögum sínum. Eftir að Hjalti lést, fór hún út á vinnumarkaðinn að fullu sem starfsstúlka og síðar aðstoðarráðskona í Þvottahúsi ríkisspítalanna. Hún var í stjórn í Starfsstúlknafélaginu Sókn og síðar trúnaðarmaður fyrir samstarfsmenn í BSRB. Hún var lengi formaður Kvenfélags Sósíalista og Kvennadeildar MÍR. Seinna meir studdi hún Samtök um kvennalista og var í nefnd til undirbúnings að fyrsta Kvennafrídeginum á Íslandi 24. október 1975. Sigríður var meðlimur í Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna. Formáli, Hrönn Hjaltadóttir.

Afhending: Hrönn Hjaltadóttir í apríl 2016

Innihald: Bæklingar, áróðursbæklingar, stjórn málablöð, blaðaúrklippur o.fl.

Tími: ca. 1951-1977.

Skjalaskrá

Askja 1

Virkið í norðri 1. árg. ágúst-september 1951. Samtíðarsaga og tímarit um þjóðfélagsmál, ritað hefur Gunnar M. Magnúss.

Dagsbrún: 4. árg. 4. tbl. 1. maí 1946, 1. maí ávarp o.fl. 13. árg. 1955. 1. tbl. *Kaupgjaldsbaráttan er hafin*, ásamt kaupgjaldsskrám. 2. tbl. maí 1955, *Að lokinni verkfallsbaráttu*. 16. árg. 2. tbl. 1958, *Dagsbrún sigraði*.

Ný Dagsbrún, málagn íslenskra sósíalista, útgefið af Sósíalistafélagi Reykjavíkur, 41. tbl. frá október 1972 til maí 1977.

Stéttabaráttan. *Lifi marxisminn-lenínisminn-Hugsun Maós Tse Tungs!* Málagn kommúnista-samtakanna marxistanna – lenínistanna 3. tbl. 2. árg. 1973.

Um gagnrýni. Kafla úr grein sem birtist í blaðinu Pravda á sjötugsafmæli Stalins, 21. desember 1949, eftir G. M. Malénkoff, forsætisráðherra Sovétríkjanna.

Fréttatilkynning, Sendiráð Sovétríkjanna, Reykjavík: Útvarps- og sjónvarpsræða N.S. Krústsjovs 7. ágúst 1961, blað nr. 11.

Fréttatilkynning, Sendiráð Sovétríkjanna, Reykjavík: Þættir úr frumdrögum að nýrri stefnuskrá Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, blað nr. 12.

World Events 1958. Supplement to New Times, January 1959.

Soviet Foreign Policy. Calendar of Events 1959. Supplement to New Times, January 1960.

Programudkastet for Forbundet af kommunister i Jugoslavien. Tilæg til fakta om Sovétunionen 1958.

Artikel i Sovétunionens Kommunistiske Partis teotieiske organ „Kommunist“ nr. 6, 1958.

Fakta om Sovétunionen 17. maí 1958. I de marxistisk-leninistiske parties enhed og sammenhold ligger pantet på socilistiske verdenssystemer kommende sejre (Pravda den 9. maj 1958).

Freedom for Greek Democrats! Supplement to New Times no. 36.

Kort: The V.I. Lenin Volga-Don Navigation Canal.

Kort sem sýnir fljót og vatnaleiðir, virkjanir, rafstöðvar, raflínur o.fl.

Disarmament – the Road to Durable Peace and Friendship among the Nations. Report by N. S. Khrushchov to the U.S.S.R. Supreme Soviet, Januay 14, 1960. Supplement to New Times no. 4, January 1960.

The Sovét Union proposes, general and complete disarmament of all Nations. Speech by N.S. Khrushchov 18. september 1959. Declaration of the Soviet Government.

Chairman Mao Tse-Tung on „Imperialism and all Reactionaries are Paper Tigers“ China Reconstructs, January 1959.

Agreements between China and Nepal. On the Boundary Question. On Economic Aid, with Communique and Editorian Comment. China Reconstructs, May 1960.

Against the U.S. - Japanese War Alliance. The Chinese people's support of the valiant struggle of the Japanese People for Peace. China Reconstructions, January 1960.

The Asian Peoples' struggle against U.S. Imperialism. China Reconstructs, August 1960.

Fjórar greinar, special Supplement to China Reconstructs 1959-1960 (People's Daily Editorial):

Put down the Rebellion in Tibet thoroughly! The Revolution in Tibet and Nehru's Philosophy.

Foreign Minister Chen Yi's first Letter to Indonesian Foreign Minister Subandrio.

Joint Communique of the Government of the People's Republic of China and the Government of the Union of Burma o.fl.

Úrklippur úr dagblöðum 1949-1961, aðallega Morgunblaðinu og Þjóðviljanum, einnig erlend blöð.

Skráð í maí 2016,
Guðjón Indriðason

